

Dreifibréf BSRB

Nr. 1 - 2. árg.

Janúar 2007


Þróun eigna og skulda íslenskra heimila

Eignir íslenskra heimila hafa aukist verulega á síðustu áratugum. Frá árinu 1980 til ársins 2005 fóru eignir heimila úr 174% af VLF í um 354% en hafa lækkað örlítið síðan þá. Á sama tíma og eignir íslenskra heimila hafa aukist hafa skuldirnar einnig vaxið gríðarlega. Á árinu 1980 námu skuldir íslenskra heimila sem hlutfall af VLF um 14% en stóðu í lok árs 2005 í um 106% af VLF og aukast enn. Séu skuldir heimilanna skoðaðar sem hlutfall af ráðstöfunartekjum þeirra hafa þær aukist úr 20,6% árið 1980 í 211,1% í lok árs 2005 og var því spáð að í lok september 2006 yrðu þær komnar í um 232% af ráðstöfunartekjum.

Töluverðar breytingar hafa orðið á hlutfallslegri eignaskiptingu heimila á tímabilinu. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd voru íbúðir yfir 80% af eignum heimila árið 1980. Frá þeim tíma hefur hlutfall þeirra í heildareignum lækkað jafnt og þétt en hlutdeild lífeyrissjóða á hinn bóginn vaxið. Gríðarleg

verðbólga á áttunda áratugnum skýrir að nokkru leyti stóran hluta húsnæðis í eignaskiptingu heimilanna um 1980. Verðbólgan leiddi til neikvæðra raunvaxta og fjárfesti fólk því mun meira í fastafjármunum til að forða lausafé sínu frá verðbólgunni. Aukin hlutdeild lífeyrissjóða má að stórum hluta skýra með skylduaðild að

sjóðunum sem tekin var upp árið 1974 fyrir launafólk og árið 1980 fyrir einyrkja. Lífeyrissjóðir landsmanna eru nú stærsti hluti sparnaðar íslenskra heimila en á síðustu árum hefur hlutdeild peningalegra eigna, annarra en fastafjármuna á borð við íbúðir og bifreiðar, þó vaxið með lækkandi verðbólgu og stöðugra efnahagsástandi, eins og sjá má af grænu súlnni á myndinni.




Gríðarleg skuldaaukning heimila síðustu áratugi er hins vegar mikið áhyggjuefni. Eins og áður var nefnt jukust skuldir heimila úr rúmlega 14% af VLF árið 1980 í um 106% árið 2005 og er hlutdeild þeirra í eigin fé heimila sífellt stærri. Skuldaaukningin hefur sérstaklega vaxið á síðustu þremur árum en á milli árunna 2003 og 2004 nam aukningin 9,0% og var riflega 20% milli árunna 2004 og 2005. Virðist lítið lát vera hér á.

Ástæður aukinnar skuldasöfnunnar heimilanna eru margar. Með tilkomu verðtryggingar árið 1979 byrjuðu lánastofnanir að bjóða lengri og hagstæðari lán. Neikvæðir eða mjög lágir raunvextir milli árunna 1970 og 1980 leiddu til þess að lánastofnanir voru tregar til að lána fé fyrir tíma verðtryggingar. Auðveldara aðgengi að húsnæðislánum leiddi einnig til verulegrar útlánaaukningar, sérstaklega á síðustu árum í kjölfar hagstæðari lánamöguleika og lengri lánstíma. Þá hefur húsnæðisverð hækkað gríðarlega á síðustu árum sem leitt hefur til hækkanar eignarhlutar heimila. Margir hafa því fundið til svonefndra auðsáhrifa og skuldsatt sig í auknum mæli og þá oft með veði í húsnæði sínu. Í kjölfar opunar á fjármagnsmörkuðum byrjuðu lánastofnanir einnig að fjármagna starfsemi sína í auknum mæli erlendis frá sem leiddi til lægra vaxtastigs og hagstæðari lánakjara.

Á síðustu áratugum hafa námslán aukist samhlíða fjölgun nemenda í lánshæfu námi. Námslán hafa bæði langan greiðslutíma og bera lága vexti. Breytingar hafa verið gerðar á námslánum í

gegnum tíðina og hefur endurgreiðslutími þeirra verið lengdur. Hvati til að flýta uppgreiðslu lánanna er í flestum tilvikum lítill sem leiðir til þess að fólk er skuldsettara í lengri tíma en áður gerðist. Að síðustu má nefna aldursmismuninn sem oft hefur verið nefndur sem ein helsta ástæða fyrir miklum skuldum og slæmri skuldastöðu. Vegna neyslujöfnunar yfir æviskeiðið skuldar ungt fólk, sem nýlega er komið út á vinnumarkað eða er í skóla, að jafnaði meira en þeir sem eldri eru. Þegar svo viðkomandi einstaklingar hafa lokið námi og farið út á vinnumarkað og öðlast meiri reynslu greiða þeir fyrir neyslu sína frá fyrri tímum og leggja jafnframt í sjóði til efri ára.

Eins og sjá má af myndinni hér að neðan hafa eignir heimila án lífeyrissjóða að frádregnum skuldum farið lækkandi á síðustu áratugum. Ef þróunin er hins vegar skoðuð með tilliti til lífeyrissjóðanna er ljóst að eignir að frádregnum skuldum hafa vaxið töluvert. Það er því ljóst að skuldaaukning íslenskra heimila á síðustu áratugum hefur verið gríðarleg og eru þau nú skuldsettari en nokkurn tíma áður. Lífeyrissjóðir landsmanna hafa þó aukið hlutdeild sína gríðarlega og eru þeir langstærsta sparnaðaruppspretta heimilanna.




Réttindakerfi lífeyrissjóða

Frá því að byrjað var að greiða í lífeyrissjóði hefur jöfn réttindaávinnsla verið við lýði en í því felst að sjóðfélagar ávinna sér sömu réttindi hvort sem iðgjaldið er greitt snemma eða seint á starfsævinni. [Með lögum um lífeyrissjóði frá árinu 1997](#) er sjóðunum heimilt að nota hvaða kerfi sem er við útreikning lífeyrisréttinda svo lengi sem lágmarkskröfur eru uppfylltar. Í dag eru tvenns konar réttindakerfi til staðar: jöfn réttindaávinnsla og aldurstengd réttindaávinnsla. Að undanfögnu hafa sífellt fleiri lífeyrissjóðir verið að taka upp aldurstengda ávinnslu en þá ávinna sjóðfélagar sér mismunandi réttindi eftir því hvenær á starfsævinni þeir greiða iðgjaldið. Með aldurstengingu er litið til ávöxtunartíma innborgaðra iðgjalda við úthlutun lífeyrisréttinda. Það þýðir að yngri sjóðfélagar ávinna sér meiri réttindi heldur en þeir sem eldri eru fyrir sama iðgjald þar sem iðgjald þeirra ávaxtast lengur hjá lífeyrissjóðnum.

Þau rök hafa meðal annars verið færð fyrir því að aldurstengja réttindi eru að sjóðirnir yrðu með því óháðir aldursmismuninum sem greiða til sjóðanna.

Í aldurstengda réttindakerfinu er ávöxtun sjóðfélaga mismikil og sumir hópar bera skarðan hlut frá borði. Þeir sem eru mikið frá vinnu á fyrri hluta starfsævinnar, t.d. langskólagengið fólk, missa af mestu mögulegu réttindunum í lífeyrissjóðum miðað við iðgjald. Þá eru konur yfirleitt með lægri tekjur í fæðingarorlofi og fá því lægri lífeyrisréttindi þar sem réttindin miðast við iðgjald. Einnig eru þær oftast í hlutastarfi á barneignaaldri og tekjurnar því vitaskuld lægri. Konur almennt ásamt langskólagengnu fólki missa því gjarnan af „verðmætustu“ réttindunum. Þá má ætla að aldurstengt réttindakerfi hafi letjandi áhrif á fólk að vera lengur á vinnumarkaðnum í lok starfsævinnar þar sem réttindaávinnslan er minnst á þeim tíma. Á móti hagnast þeir sem fara snemma út á vinnumarkaðinn.

Þegar tvö mismunandi réttindaávinnslukerfi eru í gangi hjá lífeyrissjóðum geta sjóðfélagar séð hag sínum betur borgið með því að byrja á því að greiða til lífeyrissjóðs miðað við aldurstengt réttindi og skipt svo yfir á miðjum aldri og greitt til sjóðs samkvæmt reglum um jafna réttindaávinnslu (sjá mynd). Óneitanlega vaknar sú spurning hvort sjóðirnir geti starfrækt mismunandi kerfi án þess að þurfa að skerða réttindi sjóðfélaga. Sjóðir með jafna réttindaávinnslu myndu tapa á þessum tilfærslum sjóðfélaga en hreyfingar á milli kerfa myndu ekki hafa nein áhrif á sjóði með aldurstengingu.



Það þarf þó ekki að vera að miklar hreyfingar verði á milli sjóða ef lífeyrisréttindi sjóðfélaga skerðast við það að skipta um sjóð. Nokkrir lífeyrissjóðir sem tekið hafa upp aldurstengt réttindi hafa gert með sér samkomulag um að réttindi sjóðfélaga haldist á milli þessara sjóða. Erfitt getur reynst að tryggja hagsmuni allra sjóðfélaga þegar skipt er um réttindakerfi og hafa verið farnar nokkrar leiðir við þá yfirfærslu. Sjóðir hafa til dæmis valið þá leið að leiðrétta áunnin réttindi en þá eru allir sjóðfélagar reiknaðir afturvirkir miðað við aldurstengda réttindatöflu. Einnig væri hægt að leiðrétta framtíðarréttindi með því að reikna mismun á þessum tveimur kerfum hjá virkum sjóðfélögum og hækka þá sem fengu minna samkvæmt nýju kerfi. Hins vegar hafa nokkrir sjóðir farið hina svokölluðu „mildu leið“. Hún felst í því að sjóðfélagar ávinna sér réttindi samkvæmt aldurstengdu réttindakerfi. Ef þeir á hinn bóginn vilja halda áfram í jafnri réttindaávinnslu þurfa þeir að uppfylla ákveðin skilyrði, auk þess sem öll kaupmáttaraukning fellur undir aldurstengda kerfið.

Vefnám fyrir trúnaðarmenn

Nú er vefnámið fyrir trúnaðarmenn tilbúið og hefur félögunum verið send slóð inn á vefinn og aðgangsorð fyrir sína trúnaðarmenn. Þetta kostar félögin ekkert og eru þau hvött til að koma þessum upplýsingum til trúnaðarmanna sinna. Hvert félag er með eigið svæði fyrir sína trúnaðarmenn. Einnig verður hægt að komast inn á vefnámið í gegnum heimasíðu BSRB.